

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 17. febrúar 2020

Mál nr. S-4297/2019:

Héraðssaksóknari

(*Arnþrúður Þórarinsdóttir saksóknari*)

gegn

A

(*Sara Pálsdóttir lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 21. janúar sl., höfðaði héraðssaksóknari með ákæru 6. september 2019 á hendur: „A, kt. 000000-0000, [...], Reykjavík, fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 22. júlí 2018 að [...] í Reykjavík, haft samræði við B, kennitala 000000-0000, án hennar samþykkis, en ákærði klæddi brotapolu úr stuttbuxum sem hún klæddist og hafði við hana samræði í rúmi í svefnherbergi og notfærði sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum áhrifa kannabisefna og svefndrunga.

Telst þetta varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu B, kt. 000000-0000, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 5.000.000, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 22. júlí 2018 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótaskrófunnar, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins. Þá krefst hann þess að bótaskrófu verði vísað frá dómi en til vara að hann

verði sýknaður af bótakröfu. Þá gerir verjandi ákærða kröfu um hæfileg málsvarnarlaun, að mati dómsins og með hliðsjón af tímaskýrslu verjanda, sem greiðist úr ríkissjóði.

I

Málsatvik

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu barst henni tilkynning um ætlað kynferðisbrot ákærða sunnudaginn 22. júlí 2018 um kl. 18:30 og var brotþoli, B, þá komin á neyðarmóttöku Landspítalans. Þar var tekin skýrsla af brotþola. Í kjölfar þess var ætlaður brotavettvangur rannsakaður og ákærði handtekinn og skýrsla tekin af honum með réttarstöðu sakbornings. Þar kom fram að hann hefði haft samband við brotþola um nóttina og viljað hitta hana og hún boðið honum heim. Þau hafi farið saman inn í herbergi til hennar og upp í rúm og byrjað að kyssast og kela. Hún hefði síðan lagst á bakið og hann ofan á hana og þau haft samfarir um leggöng. Fljótlega eftir að samfarirnar hófust hafi brotþoli skyndilega viljað hætta, beðið ákærða að hætta og fara ofan af sér og hann strax orðið við því. Brotþoli hefði svo farið fram til systur sinnar, C, og beðið hana að vísa ákærða út af heimilinu og hefði hann þá farið. Langt var hald á síma ákærða og brotþola vegna málsins þar sem fyrir lá að þau hefðu átt símasamskipti fyrir atvikið.

Brotþoli lýsir atvikum í skýrslu sem hún gaf lögreglu á neyðarmóttöku. Hún sagði atvik hafa gerst á heimili hennar að [...], Reykjavík. Sagði hún ákærða, sem er fyrrverandi kærasti hennar, hafa haft samband við hana aðfaranótt sunnudagsins og beðið um gistingu hjá henni þar sem hann væri læstur úti. Hún og systir hennar, vitnið C, hefðu verið einar heima og hefðu þær báðar verið að reykja kannabis þetta kvöld og einnig um daginn. Taldi hún að hún þær hefðu reykt þrjár jónur alls. Upphaflega hafi hún neitað honum um gistingu en síðan séð aumur á honum og samþykkt það. Hann hafi komið heim til hennar um klukkan fjögur um nóttina og þau strax farið saman inn í herbergi hennar og upp í rúm. Þar hafi ákærði verið ágengur við hana og hafi hún þá gert honum grein fyrir því að hún vildi ekki hafa mök við hann. Hún hefði leyft honum að nudda á sér bakið þar sem hún lá á maganum og sofnað við það en hún hefði fundið fyrir mikilli þreytu eftir að hún lagðist upp í rúm. Síðan hefði hún vaknað við að ákærði var að hafa samfarir við hana um leggöng og þá legið eins en með fætur í sundur og hann ofan á henni og hefði hann þá verið nakinn. Hún hafi spurt hann hvað hann væri að gera og hafi hann sagt að hann væri ekki að gera neitt og sett yfir sig sængina. Brotþoli kvaðst ekki vita hvað hún hefði verið búin að sofa lengi áður en hún vaknaði við þetta en kvaðst hafa

„koxað“. Hún hefði sofnað í stuttbuxum en verið ber að ofan af því að ákærði hefði verið að nudda á henni bakið, en verið með stuttbuxurnar á hælunum þegar hún vaknaði. Hún hefði klætt sig í þær og hlaupið inn í herbergi systur sinnar og vakið hana og beðið hana að reka ákærða út og hann þá farið. Hann hefði síðan komið til baka til að sækja gleraugu en brotápoli verið í herbergi systur sinnar á meðan með lokað að sér. Ákærði hefði síðan farið að senda henni skilaboð og hringja til að „láta sig líta betur út“ af því að hann hefði vitað upp á sig sökina. Sjálf hefði hún haft samband við D [...] til að biðja hann að fara með sig á neyðarmóttöku en hann hefði ekki verið í bænum. D hafi síðan haft samband við foreldra hennar. Systir hennar hafi reynt að róa hana niður og hafi hún að endingu sofnað en þá fengið martraðir og systir hennar áfram reynt að róa hana. Brotápoli sagði að þau ákærði hefðu hist nokkrum sinnum eftir að þau hættu saman og þá haft kynmök. Kvaðst hún í þetta sinn hafa sagt ákærða að hún hefði ekki áhuga á kynlífi með honum.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 22. júlí 2018, innan við sólarhring eftir ætlað brot. Þar kom fram að hann og brotápoli hefðu áður verið í sambandi en hist af og til eftir að því lauk og þá haft kynmök. Hann hefði hringt í hana um nóttina og spurt hvort hann mætti koma og hún hefði samþykkt það. Hann hefði hringt aftur í hana þegar hann var fyrir utan hjá henni og hún hleypt honum inn. Hefði þá verið greinilegt að hún var búin að reykja gras, hún hefði verið freðin, en einnig hefði hún sagt honum frá því. Þau hefðu síðan byrjað að kyssast og snerta hvort annað og þá legið hlið við hlið. Kvaðst hann minna að þau hefðu síðan haft mök og þá hefði hann legið ofan á henni og hún á bakinu. Sagði ákærði að mökin hefðu einungis staðið í nokkrar sekúndur þar sem hún hefði sagt að hún vildi þetta ekki, vildi hætta, hún væri svo þreytt og freðin. Hann hefði þá farið að sofa en þegar hann rankaði við sér hefði hún verið farin. Hann hefði þá byrjað að klæða sig en systir brotáþola þá komið inn og sagt honum að fara út og hann hefði gert það. Kvaðst hann hafa haldið að brotápoli hefði verið eitthvað pirruð út í hann og því beðið systur sína að segja honum að fara. Ákærði kvaðst ekki hafa verið læstur úti þessa nótt og hafa getað hringt í móður sína ef svo hefði verið. Kvaðst hann sig minna að brotápoli hefði aldrei sagt honum að kynlíf væri ekki í boði, einungis sagt sér að hætta eftir að hann var byrjaður. Þá myndi hann heldur ekki eftir að hafa nuddað á henni bakið.

Ákærði kvaðst hafa sent brotáþola skilaboð af því að hún hefði sent honum skilaboð og sagt að hann væri í vondum málum, hann hefði nauðgað henni. Hafi honum brugðið við þetta og viljað fá skýringar. Vegna þessa hafi hann ítrekað hringt í hana og sent henni skilaboð. Hann hafi viljað að hún hringdi í hann og vildi biðjast fyrirgefningar

ef hann hefði gert eitthvað sem hann ætlaði ekki að gera. Þetta hafi hann verið að senda með SMS-skilaboðum, skilaboðum á Facebook og í gegnum Snapchat.

Samkvæmt gögnum frá neyðarmóttöku Landspítalans kom brotaþoli þangað kl. 17:45 sunnudaginn 22. júlí 2018 og var þar skoðuð af vitnunum E hjúkrunarfræðingi og F lækni. Er þar rakin frásögn brotaþola sem, hvað ákæruefnið varðar, er í samræmi við það sem brotaþoli lýsti hjá lögreglu.

Þá liggja fyrir gögn tæknideildar vegna skoðunar á vettvangi og skýrsla um réttarlæknisfræðilega skoðun á ákærða. Þá liggur fyrir matsgerð rannsóknarstofu HÍ í lyfja- og eiturefnafræði, dagsett 24. september 2018. Þar kemur fram að þvagsýni frá brotaþola reyndist inni halda tetrahýdrókannabínólsýru og sertralín. Blóðsýni reyndist innihalda 35 mg/ml af sertralíni og 1,0 ng/ml af tetrahýdrókannabínóli.

Einnig liggja fyrir gögn úr síma ákærða þar sem fram koma samskipti brotaþola og ákærða. Þar kemur fram að ákærði hringdi þrisvar í brotaþola áður en hann kom til hennar og brotaþoli svaraði símtölunum, síðast kl. 03:47:25, og að skömmu áður sendi ákærði brotaþola nokkur skilaboð sem öll vörðuðu það að hann væri á leiðinni til hennar. Brotaþoli svaraði honum m.a. kl. 03:28:53: „Þú verður að drífa þig ég er að sofna ...“ Næst hringdi ákærði í brotaþola kl. 04:46:28 þessa nótt og aftur kl. 04:56:16 en í hvorugu tilviki virðist brotaþoli svara. Þá hringdi ákærði næst í brotaþola kl. 17:19:25 sama dag og síðan 25 sinnum til viðbótar fram til kl. 21:24:40 sama kvöld. Þá voru þau einnig í samskiptum á Messenger sem byrjuðu með því að ákærði sendi brotaþola skilaboð kl. 02:19:12 aðfaranótt 22. júlí sem brotaþoli svaraði og fóru m.a. eftirfarandi skilaboð á milli þeirra:

Ákærði, kl. 02:38:15: *Ma eg koma til þín ??*

Brotaþoli, kl. 02:39:23: *Afh*

Brotaþoli, kl. 02:39:43: *?*

Ákærði, kl. 02:53:11: *Þvi eg kemst ekki annað yes or no er með biggaaa og gusta pliss??*

Brotaþoli, kl. 02:53:49: *Kemstu ekki heim til þín*

Brotaþoli, kl. 02:54:13: *En þið eruð ekki allir að koma hingað*

Ákærði, kl. 02:55:42: *Nei wtf ma eg koma til þín bby??*

Brotaþoli, kl. 02:56:15: *Ef þú kemst ekki heim til þín þá máttu koma*

Ákærði, kl. 02:58:11: *Mamma var að henda mer ut ma eg koma til þín ???*

Ákærði, kl. 02:58:51: *Þvi vinnuru minn skuldar mer 3 g af hreinuu cocko*

Brotapoli, kl. 02:59:28: *Systir min vill ekki fá nein þannig ekki hægt.*

Ákærði, kl. 03:00:13: *En hun þekkir mig spurðu hvort mu matt na i mig ...*

Brotapoli, kl. 03:00:59: *Ég er ekki að fara að keyra neitt*

Brotapoli, kl. 03:01:24: *Og nei hún þekkir þig ekki*

Ákærði, kl. 03:01:59: *En ma eg koma til þin hitti þig þa fyrir utan???*

Brotapoli, kl. 03:02:23: *Afh viltu það*

Ákærði, kl. 03:03:14: *Langar i þig thats it*

Brotapoli, kl. 03:03:41: *Hvað meinaru með langar í þig*

Ákærði, kl. 03:04:33: *Eg nenini ekki tugli langar i þig ...*

Brotapoli, kl. 03:05:06: *Skil þig ekki útskírðu*

Ákærði, kl. 03:07:39: *Ma eg koma til þin er i taxa*

Brotapoli, kl. 03:07:54: *Nei*

Ákærði, kl. 03:09:09: *Okey fer heim*

Ákærði, kl. 03:13:10: *Ma eg ekki koma til þin ??*

Ákærði, kl. 03:15:48: *??*

Brotapoli, kl. 03:16:15: *Nei*

Ákærði, kl. 03:17:17: *Okey ekki til þin np*

Brotapoli, kl. 03:18:25: *Eða ókei konu*

Ákærði, kl. 05:40:22: *Heyrðu plís aldrei tala við mig aftur eða ekki neitt langar ekkert að hafa með þig og fjoölskylduna þina að gera þannig plís sleftu mer okey bara ekkert samband þá er eg glaður plísss*

Ákærði, kl. 18:18:00: *Sæl neniru plíss að hringja i mig skill þig ekki allveg en langar bara að fá allt á hreint hringdu í mig þegar þú getur betra að tala heldur en að skrifa ./*

Ákærði sendir síðan átta skilaboð til brotápola þar til kl. 20:20 um kvöldið og er aðallega að biðja hana að svara sér eða hringja.

Þá liggur fyrir útprentun á texta SMS-skilaboða frá ákærða til brotápola að kvöldi 22. júlí 2018 sem send voru kl. 21:08:45 og skjámynd úr síma ákærða af skilaboðunum sem eru svohljóðandi: *B plís hringdu fyrirgefðu ef eg gerði eh og líka með skilaboðin þú átt ekki skilið að eg er leiðinlegur við þig þu ert alltaf góð við mig og aðra. Mér finnst leiðinlegt að það er fólk sem er leiðinlegt við þig þótt þu gerir ekkert af þér þu ert mjög chilluð og skemmtileg manneskja. Plísss getur svarað mér því þótt eg sýni það ekki oft þykkir mer vænt um þig þu vast fyrsta stelpa sem eg var með i sambandi. Plísss call me*

Vitnið C, systir brotaþola, gaf skýrslu vegna málsins 10. september 2018. Í framburði hennar kom m.a. fram að hún hefði verið heima þegar ákærði kom til brotaþola en fyrst séð hann frammi þar sem hann hefði verið eitthvað að fíflast í brotaþola. Hann hafi tekið hana úr buxunum og hafi sjálfur verið með buxurnar á hælunum og verið að reyna að örva hana kynferðislega en brotaþoli hafi sagt honum að hætta. Það næsta sem hún viti sé að brotaþoli kom inn í herbergi til hennar hágrátandi og í miklu sjokki og sagði ákærða hafa nauðgað sér og bað hana að vísa honum út. Þá hefði brotaþoli verið klædd sömu fötum og áður, nærbuxum og bol. Ákærði hafi farið en komið til baka nokkrum mínútum seinna til að sækja gleraugu sín og hafi hún þá hleypt honum inn. Hún hafði reynt að róa brotaþola og hafi brotaþoli þá m.a. fengið sér jónu til að reyna að draga úr áfallinu. Brotaþoli hafi loks sofnað en ítrekað vaknað við martraðir og sagt í svefni m.a. „hættu þessu“ og „ég vil þetta ekki“. Þær systurnar hefðu verið einar heima þetta kvöld og báðar að reykja kannabis og sagði hún brotaþola hafa átt poka af grasi sem þær hefðu reykt þetta kvöld.

Við rannsókn málsins var einnig tekin skýrsla af D, [...], en ekki er ástæða til að rekja efni hennar.

II

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna fyrir dómi að því marki sem nauðsynlegt er til úrlausnar málsins.

Ákærði kvaðst hafa verið í sambandi við brotaþola í sex til sjö mánuði á árunum 2016-2017. Eftir að þau hættu saman hefðu þau oft hist, horft á kvikmyndir saman og stundað kynlíf. Þetta kvöld hefði hann verið búinn að drekka eitthvað og verið að koma úr afmæli. Þau hefðu verið að spjalla á Snapchat og hann spurt brotaþola hvort hann mætti koma. Hann hefði síðan farið til brotaþola og hefði allt verið eins og venjulega. Þá hafi hann sagt í skilaboðum að hann langaði í hana og hafi þetta verið „dirty talk“ hjá honum, ekkert annað. Aðdragandinn að því að þau hittust hefði verið eins og venjulega. Þau sendu hvort öðru skilaboð. Svo hafi þau hist og horft á kvikmynd og haft kynmök. Þau hafi oftast hist hjá henni en stundum hjá honum. Hún hefði sagt honum að hún væri búin að reykja gras með systur sinni en honum hefði ekki fundist neitt vera að. Þau hefðu farið beint inn til hennar og talað kannski eitthvað saman á leiðinni. Þau hefðu horft á mynd og hefði hann klætt sig úr buxum og skyrtu. Þau hefðu spjallað en síðan farið að

kyssast, og þá bæði legið á hlið andspænis hvort öðru, og þreifað hvort á öðru. Síðan hefði hún lagst á bakið og hann farið ofan á hana. Minnti hann að þau hefðu haft samfarir en hann væri ekki viss um að þær hefðu verið byrjaðar þegar hún sagði honum að hætta. Kvaðst hann ekki vera viss um að hann hefði stungið lim sínum inn. Hann sagði brotáþola hafa verið í stuttbuxum og bol og hefði hún tekið buxurnar aðeins niður en hún hefði verið í bolnum allan tímann, líka þegar hann var að strjúka á henni bakið en þá hefðu þau legið gegnt hvort öðru. Hann hafi hætt þegar hún bað hann að hætta og lagst í rúmið og farið í símann að skoða eitthvað. Nokkrum mínútum seinna, þegar hann rankaði við sér, hefði hún verið farin. Hann hafi haldið að hún hefði farið á salernið og beðið í nokkrar mínútur en síðan ætlað að fara að athuga með hana. Hann hefði verið byrjaður að klæða sig í buxurnar þegar systir brotáþola kom inn til hans og bað hann að fara, sem hann hefði gert. Hann hafi síðan farið til baka og bankað hjá brotáþola til að ná í gleraugu. Systir brotáþola hafi opnað og leyft honum að fara inn og sækja þau en sagt honum að drífa sig.

Ákærði sagði brotáþola ekki hafa reykt kannabis eftir að hann kom til hennar. Hún hafi ekki litið út fyrir að vera að detta út eða missa meðvitund þegar þau voru tvö saman inni í herberginu. Brotáþoli hafi sagt honum áður en hann kom að hún hefði verið að reykja með systur sinni en hann vissi ekki hve mikið. Þegar hann kom hefði ástandið á henni verið eins og vanalega. Hún hafi verið hress. Þau hafi spjallað saman og hún hafi ekki talað sérstaklega um það hvernig henni liði. Þá kvaðst hann ekki vita til þess að hún hefði sofnað á meðan hann var hjá henni. Ákærði kvaðst hafa vitað að brotáþoli væri ein heima þetta kvöld. Hún hefði látið vita af því með „snappi“, en hann kannaðist ekki við að hún hefði sagt að hann gæti ekki komið af því að systir hennar væri heima.

Ákærði sagði ekkert hafa gerst á milli þeirra fyrir utan herbergið annað en að þau hefðu spjallað. Þau hefðu ekki rætt sérstaklega saman um það hvað þau ætluðu að fara að gera og ekki hafi komið fram hjá brotáþola að hún vildi ekki kynlíf fyrir en þegar hún sagði honum að hætta. Ákærði giskaði á að hann hefði verið hjá brotáþola í um klukkustund. Þegar hann fór hefði hann verið mjög pirraður og ekki skilið hvað var að gerast og farið gangandi af stað heim til sín og hringt á leiðinni í nokkra vini sína til að kanna hvort þeir gætu sótt hann en á endanum náð í leigubifreið. Það eina sem honum datt í hug hefði verið að foreldrar brotáþola væru að koma og að hún mætti ekki vera með strák hjá sér. Hann hefði ekki verið í samskiptum við brotáþola eftir þetta utan þess að hann hefði reynt að hringja í hana og sent henni nokkrum sinnum skilaboð en hún hefði ekki svarað. Um fimmleytið daginn eftir hefði hann svo fengið „snapp“ frá

brotapola. Þar hefði verið mynd af henni í bifreið og hún sagt eitthvað á þessa leið: *Ojbarasta, nú ert þú í vondum málum, þú nauðgaðir mér.* Ákærði kvaðst hafa panikkað þegar hann sá þetta og ekki skilið hvað hún var að tala um. Hann hafi reynt að ná sambandi við hana með því að hringja og senda henni skilaboð til að fá að vita hvað hún ætti við.

Þá sagði hann brotapolan áður hafa búið til sögur og tók sem dæmi að eftir að hann og brotapolan hættu saman hafi vinkona hennar sagt honum að hann hefði nauðgað henni þrisvar á einu kvöldi. Þegar hann hefði borið þetta undir brotapolan hefði hún sagt að vinkonur hennar væru að búa til lygasögur um hana. Skilaboðin sem hann sendi um níu leytið um kvöldið, þegar hann sagði m.a. „fyrirgefðu ef ég gerði eitthvað“, hefði hann sent af því að hann hefði viljað heyra í henni og haldið að hún væri eitthvað pirruð. Ákærði kvaðst hafa séð brotapolan tvisvar eftir að þetta gerðist, í annað skiptið á skemmtistaðnum Spot en í hitt skiptið hefði það verið í stigaganginum heima hjá honum.

Ákærða voru kynnt framlögð gögn um símanotkun og kvaðst hann kannast við að brotapolan hefði nokkrum sinnum neitað honum um að koma áður en hún loks samþykkti það. Þá sagði ákærði að það hefði ekki verið þannig að hann hefði ekki getað farið heim heldur hefði hann verið læstur úti og ekki með lykil. Ákærða var kynntur framburður sinn í skýrslu hjá lögreglu þar sem hann sagði að hann hefði að minnsta kosti ekki verið læstur úti, hann hefði bara getað hringt í móður sína en hefði ekki viljað vekja hana. Spurður út í þetta misræmi sagði ákærði að líklega hefði hann verið í sjokki eftir að lögregla handtók hann. Þá voru borin undir ákærða skilaboð sem hann samkvæmt símagögnum sendi brotapolan kl. 21:08:45 kvöldið eftir atvikið. Kvaðst ákærði kannast við þessi samskipti og hafa átt við það að ef hann hefði sagt eitthvað við hana og ef hún væri pirruð út í hann þá vildi hann biðjast afsökunar á því og líka vegna skilaboðana sem hann sendi og þá hefði hann einnig verið búinn að fá „snappið“ frá henni. Einnig voru borin undir ákærða skilaboð sem hann samkvæmt símagögnum sendi brotapolan kl. 05:40:22 aðfaranótt sunnudagsins. Ákærði sagði að þetta væru skilaboðin sem hann hefði seinna beðist afsökunar á.

Þá var ákærða kynnt að samkvæmt gögnum um símanotkun hans hefði hann hringt þrisvar í brotapolan áður en hann kom til hennar, síðast kl. 03:47:25. Ákærði kvaðst þá hafa verið fyrir utan heima hjá henni á leið til hennar en ekki hafa hringt í hana á meðan hann var inni í íbúðinni. Ákærða var kynnt að næst hefði verið hringt úr símanum kl. 04:41:36 og sagði hann að þá hefði hann verið að hringja í G og hefði hann þá verið

gangandi á leið frá heimili brotþola. Símtal sem hann hringdi í brotþola kl. 04:46:28 hefði verið til að athuga hvað væri að.

Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu þegar hann var spurður hvort brotþoli hefði einhvern tímann gefið til kynna að hún vildi ekki kynlíf. Hann hafi þá svarað: *Nei ekki í byrjun alla vega eða þú veist já þá vorum við náttúrulega að kysstast ... já ég var smá fullur og hún var greinilega freðin eða þú veist búin að vera í gras ...* Ákærði sagði að þetta hefði verið á tímabilinu þegar hún sagði honum að hætta. Hann hefði haldið að hún vildi kannski fá sér að reykja eða eitthvað væri að. Það hefði verið það eina sem var öðruvísi, hún hefði aldrei áður sagt honum að hætta. Hún hefði líka sagt honum að hún væri búin að reykja. Honum hafi ekki fundist hún vera freðin en hann hafi séð hana freðna og haldi að hún sé þá slök og róleg. Kvaðst hann ekki geta útskýrt af hverju hann notaði þetta orð en héldi að hann hefði bara verið í sjokki. Það hafi verið ágiskun hans að hún væri freðin af því að hún hefði beðið hann að hætta. Ákærði kvaðst ekki hafa nuddað bak brotþola eins og hún lýsti en strokið á henni bakið þegar þau lágu andspænis hvort öðru.

Vitnið B, brotþoli, sagði að hún og ákærði hefðu verið kærustupar þegar hún var í níunda bekk og hefði samband þeirra staðið í tvo til þrjá mánuði. Þau hafi ekki skilið á góðum forsendum og hafi hún þá verið sár og pirruð út í ákærða og þau ekki talað saman í langan tíma á eftir. Þegar hún byrjaði í menntaskóla hefði ákærði verið í sama skóla og hefðu þau þá byrjað að hafa samskipti aftur. Ákærði hefði byrjað að hringja í hana þegar hann var fullur á djamminu og komið þá stundum til hennar og hefðu þau þá hist til að hafa kynmök. Þessa nótt hafi ákærði verið hjá vini sínum og verið annaðhvort læstur úti eða ekki mátt fara heim til sín og hafi þess vegna komið til hennar og hafi hún leyft honum að koma. Hún hafi verið búin að segja honum að hún og systir hennar væru einar heima. Brotþoli kvaðst hafa verið búin að reykja kannabis, þrjár jónur fyrr um daginn, með systur sinni. Hún verði mjög þreytt þegar hún noti kannabis en hún noti tegund af því sem sé mjög róandi. Þegar ákærði kom hafi hún verið orðin mjög þreytt og hafi sofnað, koksað. Kvað hún sig minna að ákærði hefði verið búinn að drekka áfengi þegar hann kom til hennar og hefði hún sagt honum að hún hefði verið að reykja og að hún væri undir áhrifum og hann hefði alveg áttað sig á því. Einnig hafi hún sagt að hún væri ógeðslega þreytt og væri að fara að sofa. Ef hún mundi reyna að halda sér vakandi mundi hún koksa. Þá kvaðst hún örugglega hafa notað orðið „freðin“ við hann. Hann hefði vitað að hún var undir áhrifum kannabis. Þegar ákærði kom hafi þau farið beint inn í herbergi

hennar og hafi hún viljað fara að sofa. Brotapoli sagði ákærða hafa klætt sig úr og lagst á nærbuxunum upp í rúm. Ákærði hefði „reynt eitthvað“ strax og hann kom en hún sagti að hún væri þreytt og vildi fara að sofa. Áður en hún sofnaði hefði ákærði nuddað á henni bakið á meðan hún lá á maganum með hendurnar niður með síðunum og hefði hún sofnað við það. Hún hafi verið klædd í stuttbuxur þegar hún sofnaði en ekki verið í neinu að ofan þegar hann nuddaði á henni bakið. Þegar hún vaknaði hafi hún enn legið á maganum og hafi stuttbuxurnar verið niðri á hælum hennar og ákærði ofan á henni og inni í henni. Fætur hennar hefðu verið aðeins í sundur. Þegar hún vaknaði hafi ákærði farið ofan af henni og sett sæng yfir sig og hún hafi þá spurt ákærða hvað hann væri að gera og hafi hann sagt: *Ekki neitt*. Hún hafi áttað sig á því hvað hefði gerst og hlaupið inn til systur sinnar sem hefði verið vakandi og sagt henni frá því og beðið hana að koma ákærða út. Hún hefði verið í miklu sjokki. Aðspurð kvaðst hún ekki muna hvað klukkan var þegar hún vaknaði. Ákærði hefði svo bankað upp á af því að hann hefði gleymt gleraugunum sínum og farið aftur inn í íbúðina að sækja þau en hún hefði þá verið í herbergi systur sinnar og ekki séð ákærða.

Brotapoli sagði að ekkert hefði komið fram hjá ákærða sem hún hefði talið benda til þess að hann hefði einhverjar væntingar um kynlíf. Þegar borin voru undir brotápola skilaboð frá ákærða þar sem hann sagði að hann langaði í hana kvaðst hún örugglega ekki hafa meðtekið þau og ekki muna eftir þeim. Hún hefði einungis verið að leyfa honum að gista.

Brotapoli kvaðst hafa legið í rúmi systur sinnar eftir að ákærði fór og þegar hann var að reyna að hringja í hana og senda henni skilaboð sem hún hefði ekki svarað. Systir hennar hafi reynt að róa hana niður. Síðan hefði hún reykt jónu til að deyfa sig niður og eftir það hringt í D frænda sinn til að fá hann til að skutla sér á neyðarmóttöku. Hún hefði ekki náð í hann strax því hann hefði ekki verið í bænum og foreldrar hennar hefðu einnig verið í burtu. Hún hefði sagt D frá því sem gerðist og hann síðan talað við foreldra hennar. Hún og systir hennar hefðu svo ákveðið að fara á spítalann daginn eftir.

Brotapoli kvaðst hafa náð að sofna og þegar hún vaknaði hafi foreldrar hennar verið komnir heim. Hún hafi átt erfitt með að segja þeim frá því sem gerðist en þau hefðu síðan farið með hana á spítalann. Brotapoli sagði að það hefði verið of mikið fyrir hana að lenda í öðru áfalli, en hún hefði áður orðið fyrir kynferðisbroti. Eftir þetta hafi fíkniefnaneysla hennar aukist og sé hún búin að vera í neyslu síðan, en hún hafi verið edrú frá 9. janúar sl. Hún hafi einnig leitað sér aðstoðar og sé nýkomin af geðdeild eftir

að hafa gefist upp á öllu. Kvaðst hún tengja vanlíðan sína við þessi brot. Hún hafi eitthvað verið byrjuð að reykja kannabis þegar þetta gerðist en hætt og byrjað aftur þetta kvöld.

Brotapoli kvaðst hafa sagt á neyðarmóttöku að systir hennar hefði verið sofandi þegar hún kom inn til hennar. Það hafi ekki verið rétt heldur hafi hún verið vakandi. Ástæða þess að hún bar rangt um þetta væri sú að móðir þeirra hefði ekki mátt vita af því að systir hennar væri dottin í það, en hún hefði óttast að þá yrði henni hent út af heimilinu. Þær séu hins vegar búnar að segja móður þeirra frá þessu nú. Ef systir hennar hefði ekki verið að reykja hefði hún verið búin að taka svefnlyf og því verið sofnuð, en hún hefði ekki tekið lyfið þetta kvöld.

Brotapoli kvaðst ekki hafa sent ákærða „snapp“ þegar hún var á leiðinni á neyðarmóttöku og sagt að hann hefði nauðgað henni og ekki hafa haft neitt samband við hann eftir þetta. Hún kvaðst á þessum tíma hafa tekið að staðaldri lyfið Sertal vegna kvíða og þunglyndis sem hún hefði verið að kljást við frá því í sjöunda bekk. Þá sagði brotapolu að þegar þau voru lögst upp í rúm hefði hún sagt ákærða að hún vildi ekki kynlíf þegar hann var að reyna. Þá sagði hún rangt hjá ákærða að hún hefði ekki sofnað á meðan hann var hjá henni. Hún hafi legið sofandi á maganum og vaknað við að hann var að hamast á henni en viti ekki hve lengi hún svaf. Þá muni hún ekki eftir að ákærði hafi haft munnmök við hana eins og hún sagði á neyðarmóttöku að sig rámaði í.

Brotapola var kynntur sá framburður sem kom fram hjá systur hennar í skýrslutöku hjá lögreglu að hún og ákærði hefðu verið fyrir framan baðherbergið og hún beðið hann að hætta. Kvaðst hún ekki muna eftir þessu. Sagði brotapolu baðherbergið vera beint á móti sínu herbergi og herbergi systur hennar við hliðina á því herbergi og hugsanlega hefði hún verið frammi að gefa ákærða vatn en hún myndi ekki eftir þessu. Systir hennar myndi þetta væntanlega betur því þó hún hefði einnig verið að reykja kannabis hefði hún verið í neyslu lengur og höndlaði því efnið betur.

Brotapoli staðfesti að hafa átt þau símasamskipti við ákærða sem koma fram í málsgögnum og að hafa sent þau skilaboð sem þar greinir. Kvaðst hún minnst þess að hafa fyrst sagt nei við ákærða þegar hann vildi koma. Hún hefði svo breytt afstöðu sinni eftir að hafa hugsað um hvernig það væri að vera í hans sporum, að vera læst úti.

Þá sagði brotapolu að þegar ákærði sendi henni skilaboð kl. 21:08:45 hefði hún ekki verið búin að senda honum nein skilaboð. Hann hefði verið búinn að reyna að ná í hana en hún ekki svarað. Brotapola voru kynnt sérstaklega þau skilaboð sem samkvæmt gögnum bárust frá ákærða kl. 03:03:14 þar sem hann segir: *Langar i þig thats it*, og svar

hennar kl. 03:03:41: *Hvað meinaru með langar í þig*. Brotapoli sagði að hún hefði ekki skilið hann. Hún hafi verið undir áhrifum en auk þess skilji hún ekki orð vel þar sem hún sé lesblind. Hún hafi viljað fá að vita hvað hann meinti. Það hafi hvarflað að henni að hann væri að meina kynlíf en hún hefði sagt að hún vildi það ekki þegar hann var kominn til hennar. Hún hafi ekki áttað sig á því eða hugsað það þannig að hún þyrfti að senda honum skilaboð og segja honum að kynlíf væri ekki í boði. Loks voru borin undir brotapolu skilaboð frá ákærða kl. 03:17:17: *Okey ekki til þin np* og frá brotapolu til ákærða kl. 03:18:25: *Eða ókei konu*. Sagðist brotapoli giska á að þau hefðu verið að senda þetta á svipuðum tíma. Brotapoli kvaðst hafa séð ákærða tvisvar eftir þetta. Einu sinni á skemmtistaðnum Spot og einu sinni í fjölbýlishúsinu þar sem ákærði býr en þar hafi hún verið með vinkonu sinni sem búi þar einnig.

Vitnið E, hjúkrunarfræðingur á neyðarmóttöku, kvaðst hafa tekið á móti brotapolu. Hún hefði verið mjög kvíðin en róast þegar á leið. Brotapoli hefði sagt að hún væri með undirliggjandi kvíða en einnig hefði hún verið með vöðvaspennuskjálfta, með hroll og grátíð. Þá hefði brotapoli verið hrædd við ákærða sem hefði endalaust sent henni skilaboð og hefði henni fundist það óþægilegt. Brotapoli hefði gefið skýra frásögn og kvaðst vitnið ekki hafa talið að hún væri undir áhrifum vímuefna. Brotapoli lýsti atvikum svo fyrir vitninu að hún hefði verið ein heima með systur sinni en móðir hennar hefði verið í sumarbústað. Hún hefði reykt kannabis þetta kvöld og verið með sektarkennd gagnvart móður sinni yfir því að hafa fallið. Fyrrverandi kærasti hennar hefði hringt og sagt að hann væri læstur úti og spurt hvort hann mætti gista. Þegar ákærði kom hefði hún verið þreytt og lagst upp í rúm og myndi eftir því að hann hefði verið að nudda á henni bakið og síðan vaknað við það að hann var að hafa við hana kynmök. Þá minnti hana óljóst að hann hefði einnig haft við hana munnmök. Því hafi vitnið krossað við það á eyðublaði en það sem þar komi fram kunni að skipta máli vegna sýnatöku. Hún hefði þá spurt hann hvað hann væri að gera og hefði hann orðið flóttalegur og farið undir sæng. Nærbuxur hennar hefðu verið niðri þegar hún vaknaði. Brotapoli hefði vaknað kl. 04:57 eftir atvikið og gefið þá tímasetningu upp hjá vitninu. Þá hafi verið tekið blóð- og þvagsýni frá brotapolu þegar hún kom á neyðarmóttöku.

Vitnið F lækni sagði brotapolu hafa verið dapra, leiða og grátandi þegar hann hittir hana á neyðarmóttöku. Hún hefði verið óróleg og gengið um gólf og lýst miklum kvíða en hluti af því hefði verið áhyggjur af því að móðir hennar kæmist að því að hún hefði verið að reykja kannabis. Þeim hefði tekist að róa hana niður og ná nokkuð góðu

sambandi við hana og skrá niður frásögn hennar sem komi fram í skýrslu neyðarmóttöku. Þegar brotaþoli var spurð hvort hún myndi eftir einhverju öðru þegar hún var búin að segja söguna hefði hún sagt að sig rámaði í að ákærði hefði haft við hana munnmök og hefði því verið merkt við það í skýrslu þeirra. Þá staðfesti vitnið að tímasetningin kl. 04:57 hefði komið frá brotaþola sem hefði áætlað að atvik hefði gerst þá. Þá staðfesti vitnið skýrslu sína um skoðun en sagði það rangt sem kæmi þar fram að læknisskoðun hefði lokið kl. 18. Skoðun hefði hafist 15 mínútum fyrr og stæðist því ekki að henni hefði lokið á svo skömmum tíma. Loks sagði vitnið að engir áverkar hefðu fundist við skoðun brotaþola en þeir þyrftu ekki að finnast þegar brotaþoli væri meðvitundarlaus þegar atvik gerðust og ofbeldi væri ekki beitt.

Vitnið C kvaðst hafa verið heima þessa nótt ásamt brotaþola, sem er systir hennar. Brotaþoli hafi verið undir áhrifum kannabisefna og henni ekki liðið vel. Vitnið kvaðst heldur ekki hafa verið edrú en hún hefði einnig verið að neyta kannabisefna og hefði byrjað að reykja strax þegar hún vaknaði um morguninn. Þær hefðu verið að hanga saman fyrr um kvöldið og horft á mynd saman en voru farnar í herbergi sín þegar ákærði kom. Viti hún ekki hve mikið brotaþoli var búin að reykja þá en hún hafi verið undir frekar miklum áhrifum. Hún hafi heyrt þegar ákærði kom en hafi fyrst, einhverju síðar, séð hann á ganginum við baðherbergið þar sem hann var á nærbuxunum. Hafi hann verið eitthvað að fíflast í brotaþola sem sagði: ... *nei ég vil þetta ekki, hættu þessu* ... Kvaðst vitnið hafa talið að þetta væri eitthvað kynferðislegt. Hún hafi ekki orðið vör við frekari samskipti milli ákærða og brotaþola, sem hafi verið í herbergi brotaþola.

Vitnið kvaðst hafa verið vakandi í sínu herbergi að horfa á sjónvarpið nokkru síðar þegar brotaþoli kom grátandi og skjálfandi inn til hennar og sagði að ákærði hefði nauðgað sér og vildi að hann færi út. Hefði hún þá verið klædd í bol og boxer-buxur. Hafi þá verið liðið innan við klukkustund frá því að ákærði kom. Hún hafi reynt að róa hana niður í nokkrar mínútur og síðan bankað hjá ákærða og opnað dyrnar. Fannst henni eins og hann hefði ekki búist við að þetta væri hún og hefði hann verið að standa upp úr rúminu. Hafi hún heyrt að hann var í símanum að tala við félagu sinn og að hann sagði að hann væri hjá heimsku stelpunni. Hún hafi sagt honum að koma sér út og hann jánkað því og hún þá sagt að hann hefði tíu mínútur. Skömmu síðar hafi hún farið aftur í herbergið til hans og sagt honum að fara og hafi hann þá verið með einhvern skæting en tekið dótið sitt og farið. Ákærði hefði svo bankað aftur hjá þeim og beðið um að fá að sækja gleraugu og einnig þá verið dónalegur en hún hafi hleypt honum inn að sækja þau.

Vitnið sagði að brotaþoli hefði ekki lýst því sem gerðist en augljóslega verið í áfalli. Hún hefði verið í góðu standi fyrr um kvöldið og ekkert að angra hana. Taldi vitnið augljóst vegna breytingar á líðan hennar að eitthvað hefði gerst þarna inni. Brotaþola hefði liðið mjög illa um nóttina og hefði fengið sér jónu til að róa sig niður en það hefði gert illt verra. Brotaþoli hefði svo haft samband við D frænda þeirra þar sem vitnið hefði ekki verið í ástandi til að fara með hana á neyðarmóttöku en hann hefði ekki verið heima. Hefðu þær þá ákveðið að fara daginn eftir. Vitnið hafi legið hjá brotaþola sem hefði sofnað en vaknað nokkrum sinnum um nóttina í kvíðakasti, öskrandi og gargandi og sagt: *... nei ég vil þetta ekki, hættu þessu, láttu mig vera ...* Vitnið hafi þurft að hrista hana a.m.k. tvisvar sinnum til að hún áttaði sig á því að þetta væri ekki að gerast. Foreldrar þeirra hafi vakið þær daginn eftir, að því er hana minni um þrjú- eða fjögurleytið. D hafi þá verið búinn að tala við þau og hafi þau farið með brotaþola á neyðarmóttöku og hafi vitnið farið með þeim.

Vitnið kvaðst hafa verið búin að vera edrú í þrjú mánuði en hafa fallið föstudagskvöldið áður en atvik gerðust. Hún hefði fundið fyrir einhverjum áhrifum en ekki verið „útúrfreðin“. Þær systurnar hefðu ákveðið að segja á neyðarmóttöku að vitnið hefði verið sofandi þegar brotaþoli kom til hennar. Kvaðst hún hafa talið að ef foreldrar hennar vissu að hún væri fallin hefðu þau hent henni út og því hefðu þær ætlað að reyna að leyna því að hún hefði verið í neyslu. Þetta sé það eina sem þær hafi sammælt um að segja og það eina sem ekki sé rétt. Eftir að ákærði fór hafi þær rætt það hvort hún vildi fara á neyðarmóttöku og kæra atvikið en ekki hringt í lögreglu þar sem þær hafi verið „paranojaðar“ og undir áhrifum að gera eitthvað ólöglegt.

Eftir að hafa verið kynnt að hafa í skýrslu hjá lögreglu sagt að brotaþoli hefði, þegar hún kom inn til hennar, sagt að hún hefði vaknað við að ákærði var inn í henni kvaðst hún nú geta staðfest að brotaþoli hefði sagt þetta. Vitnið sagði brotaþola ekki hafa liðið vel eftir þetta og hafi atvikið verið mikið áfall fyrir hana. Þá sagði vitnið það rétt sem kom fram í skýrslu hennar hjá lögreglu að þær hefðu verið með m.a. poka af grasi sem þær hefðu reykt saman. Hún hefði fengið eitthvað hjá brotaþola en einnig átt efni sjálf. Þá var vitninu kynnt að í skýrslu sinni hjá lögreglu hefði hún borið um að hafa séð ákærða klæða brotaþola úr buxunum frammi og kvaðst hún telja að hún hefði munað atvik betur þá.

Vitnið H, móðir brotaþola, kvaðst hafa farið út úr bænum þessa helgi og hafi dætur hennar, brotaþoli og vitnið C, verið einar heima. Brotaþoli hefði verið í góðu standi

Þegar hún fór og hefðu þær systurnar ætlað að hafa kósíkvöld. Um áttaleytið um morguninn hafi hún séð að [...], vitnið D, hafði verið að hringja í hann, fyrst um klukkan sex um morguninn. Hann hefði sagt henni að brotaþoli hefði hringt um nóttina til að biðja hann um aðstoð og sagt að henni hefði verið nauðgað. Hún hefði þá drifið sig í bæinn og hitt systurnar. Brotaþoli hefði reynt að segja henni frá því sem gerðist en verið svo brotin að það hefði lítið verið hægt að fá út úr henni. Hún hefði svo farið með þær á neyðarmóttöku en myndi ekki hvenær það var eða nákvæmlega hvað fór á milli hennar og brotaþola áður. Brotaþola hefði liðið illa eftir þetta atvik. Hún hafi ekki sofið eða borðað og verið hrædd í um þrjár vikur eftir þetta. Hún hefði misst alveg tök á lífi sínu og hvorki verið í skóla né vinnu en hefði verið í vinnu þegar atvik gerðust. Kvaðst vitnið tengja þessa líðan brotaþola við þetta atvik. Hún hafi brotnað algjörlega og farið mjög langt niður og neysla hennar aukist. Þá hafi hún nýlega verið á geðdeild vegna sjálfskaða og henni líði enn mjög illa. Þá sagði vitnið að sjálfskaðandi hegðun brotaþola hefði fyrst byrjað eftir þetta. Brotaþoli hefði fengið lyf við kvíða þegar hún var í sjöunda eða áttunda bekk, eftir að hafa orðið fyrir einelti. Hún hafi byrjað í neyslu 16-17 ára, sem hafi verið lítil til að byrja með. Kvaðst vitnið telja að önnur kynferðisbrot sem brotaþoli hefði orðið fyrir gætu að einhverju leyti skýrt líðan hennar en afleiðingar þeirra hefðu ekki verið eins afgerandi og eftir þetta atvik.

Vitnið D, [...] brotaþola, kvaðst hafa verið á [...] þegar atvik gerðust og séð þegar hann vaknaði að hann hefði fengið skilaboð frá brotaþola þar sem hún sagðist þurfa hjálp. Skilaboðin hafi verið send honum kl. 05:15 en hann hefði séð þau seinna. Hann hefði spurt hana hvar hún væri og hafi hún svarað að hún væri heima og þyrfti að komast á spítala af því að henni hefði verið nauðgað. Eftir að hann fékk þau skilaboð hefði hann hringt í brotaþola og hún sagt honum grátandi frá því sem hafði gerst og að foreldrar hennar væru fyrir austan en systir hennar væri heima. Hann hefði þá ítrekað reynt að hringja í foreldra hennar en ekki náð í þau fyrr en síðar um morguninn og sagt þeim þá frá símtalinu. Vitnið kvaðst halda að líðan brotaþola hefði verið upp og ofan eftir þetta atvik.

Vitnið lögreglumaður nr. [...] kvaðst hafa verið á bakvakt hjá miðlægrri rannsóknardeild og verið kallaður út vegna málsins. Hann hefði hitt brotaþola á neyðarmóttöku og tekið skýrslu af henni þar. Hún hafi gefið skýran og greinargóðan framburð og hefði hann ekki getað greint að hún væri undir áhrifum vímuefna. Í kjölfar þess hafi hann, ásamt tæknideild, rannsakað vettvang. Að því loknu hefði hann ásamt

fleirum farið á heimili sakbornings þar sem hann var handtekinn og færður á lögreglustöð þar sem lækni skoðun fór fram og síðan var tekin formleg skýrsla af honum.

Vitnið I, sviðsstjóri á rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði HÍ, staðfesti matsgerð sína frá 24. september 2018 sem hún vann vegna málsins. Vitnið sagði að lág tala af tetrahydrókannabínóli, 1,0 ng/ml, hefði mælst í blóði brotaþola, en mælingarmörk rannsóknarstofunnar séu 0,5 ng/ml. Áhrif vegna efnisins við mælingu hefðu átt að vera lítil miðað við þetta magn. Vitnið sagði að það kæmi fljótt fram í blóði þegar kannabis væri reykt og næði magnið hámarki á tíu til fimmtán mínútum. Það fari þó eftir magni en hámark sé almennt innan klukkustundar og fari svo að falla tiltölulega hratt en síðar hægar. Hægt sé að greina efnið í blóði í allt að tólf klukkustundir. Þegar um sé að ræða mikla neyslu, efnið er sterkt eða neysla er samfelld í langan tíma þá mælist efnið venjulega lengur í blóði. Almennt mælist það þó einungis í innan við sólarhring. Þá sé ekki hægt að reikna út hversu mikil neysla var aftur í tímann út frá þeirri tölu sem mælist í blóðsýni. Vitnið sagði að efnið hefði slævandi áhrif. Þá sé sertralín, sem einnig mældist í bæði blóði og þvagi, geðdeyfðarlyf og ef eitthvað er þá hafi það slævandi áhrif. Kvaðst vitnið ekki þekkja til þess að samverkun þess og kannabis hefði verið rannsökuð. Þá sagði vitnið að hefði sá sem mældist með þetta í blóði reykt t.d. átta til tíu klukkustundum áður, þá væri hægt að gera ráð fyrir að viðkomandi hefði verið með mun hærra magn þá en ekki væri hægt að segja til um hve hátt. Þá sagði vitnið að einnig hefðu umbrotsefni kannabis fundist í þvagsýni. Það sé óvirkt og geti mælst mun lengur, allt upp í nokkrar vikur. Efnið berist í þvag fljótlega eftir neyslu og segi greining þess í þvagi ekkert um það hversu langt sé liðið frá neyslu.

Vitnið Í, [...], kvaðst hafa séð brotaþola ásamt annarri stúlku í stigagangi hússins þar sem hann og ákærði bjuggu með móður þeirra. Þetta hafi verið skömmu eftir að atvik gerðust. Brotaþoli hafi spurt hann hvort ákærði væri heima.

III

Niðurstæða

Ákærði er ákærður fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 22. júlí 2018, að [...] í Reykjavík, haft samræði við B, án hennar samþykkis, en ákærði klæddi brotaþola úr stuttbuxum sem hún klæddist og hafði við hana samræði í rúmi í svefnherbergi og notfærði sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum áhrifa kannabisefna og svefndrunga. Er brotið í ákæru talið varða við 2. mgr. 194. gr. almennra

hegningarlaga nr. 19/1940. Um atvik liggur aðallega fyrir framburður ákærða og brotþola en systir brotþola, vitnið C, var einnig á heimili hennar og brotþola þegar atvik gerðust. Verður við mat á framburði C höfð í huga þau nánú tengsl sem virðast vera á milli hennar og brotþola, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2002 um meðferð sakamála.

Ákærði neitar sök. Frásagnir brotþola og ákærða um atvik þegar þau voru tvö komin saman inn í herbergi brotþola eru hvor á sinn veginn. Ekkert er fram komið hjá þeim sem staðfestir þann framburð C hjá lögreglu að ákærði hafi verið með kynferðislega tilburði við brotþola frammi við baðherbergi íbúðarinnar eftir að þau höfðu verið í herbergi brotþola og ákærði hafði afklæðst. Þá er framburður ákærða og brotþola samhljóða um að ákærði hafi verið með kynferðislega tilburði við brotþola skömmu eftir að þau voru komin inn í herbergið og að brotþoli hafi þá sagt ákærða að hætta. Að öðru leyti ber mikið á milli í frásögnum þeirra. Ákærði bar um það í upphafi skýrslu sinnar hjá lögreglu að þau hefði haft samfarir en dró síðar úr því með því að segja þær hefðu einungis staðið í nokkrar sekúndur þar sem brotþoli vildi þá hætta að hann taldi vegna þess að hún hefði verið þreytt og freðin. Fyrir dómi dró ákærði enn úr og kvaðst hafa lagst ofan á brotþola og sett, eða gert sig líklegan til að setja lim sinn í inn í leggöng hennar. Brotþoli hafi þá sagt ákærða að hætta og það hafi hann hafi gert. Brotþoli sagði ákærða hafa nuddað á henni bakið þar sem hún lá á maganum, ber að ofan, með hendur með síðum. Hún hafi sofnað við nudd ákærða en vaknað við það að hann lá ofan á henni að hafa samfarir við hana um leggöng og lá hún þá enn á maganum. Ákærði hafi þá farið af henni og sett sæng yfir sig. Kvaðst brotþoli hafa spurt ákærða kvað hann væri að gera og hann þá svarað að hann væri ekki að gera neitt. Brotþoli kvaðst síðan hafa rokið út úr herberginu. Ákærði lýsti því hins vegar að brotþoli hefði farið út eftir að hún bað ákærða að hætta og í kjölfar þess hefði C vísað honum út.

Óumdeilt er, í ljósi framburðar ákærða og brotþola, að brotþoli gaf ákærða til kynna eftir að hann kom að hún hafði ekki áhuga á að hafa við hann kynmök. Þá liggja fyrir skilaboð frá ákærða þar sem hann sagði sig langa í brotþola. Brotþoli óskaði eftir skýringum á þessum ummælum en ákærði veitti þær ekki. Er þannig ekkert fram komið sem bendir til þess að brotþoli hafi á nokkurn hátt gefið ákærða í skyn að hún vildi hafa kynmök við hann. Þá má af þeim skilaboðum sem gengu á milli ákærða og brotþola sjá að ákærði þrýsti stíft á brotþola að leyfa sér að koma til hennar. Um tímamörk atviks geta ákærði og vitni lítið borið en þó töldu ákærði og C að hann hefði verið á heimili brotþola í um klukkustund. Hvað þetta varðar er að öðru leyti helst við að styðjast gögn

úr síma ákærða um símanotkun hans. Af þeim má sjá að ákærði hringdi síðast í brotaþola kl. 03:47. Hann svaraði ekki næstu þremur símtölum sem honum bárust en hringdi svo sjálfur í G kl. 04:41. Ákærði staðfesti þetta í framburði sínum og bar um að hann hefði þá verið á leið frá heimili brotaþola. Af þessu má ráða að öll samskipti þeirra hafi farið fram innan þessara 54 mínútna sem þarna liðu á milli. Þau báru bæði um að hafa strax farið inn í herbergi brotaþola og að þau atvik sem þau lýstu hefðu þá byrjað. Þá má ætla að brotaþoli hafi verið í nokkrar mínútur í herbergi C og að ákærði hafi verið nokkrar mínútur að koma sér inn í íbúðina og út og til baka að sækja gleraugun. Verður að telja að tímamörkin séu ekki svo þröng að neitt bendi til þess að atvik hafi ekki getað gerst með þeim hætti sem brotaþoli lýsir.

Brotaþoli og C lýstu því báðar að brotaþoli hefði verið orðin mjög þreytt þegar ákærði kom eftir að hafa um kvöldið verið að neyta kannabiseftna. Þótt ekki liggi nákvæmlega fyrir hversu mikil neysla brotaþola var eru lýsingar þeirra á ástandi hennar afgerandi. Ákærði bar einnig um þetta í skýrslu sinni hjá lögreglu og sagði að brotaþoli hafi verið freðin en dró úr þessari lýsingu í framburði sínum fyrir dómi og gerði minna úr slæmu ástandi brotaþola. Í blóðsýni sem tekið var úr brotaþola um 11 klukkustundum síðar mældist enn efni en óumdeilt er að brotaþoli reykti meira kannabis eftir að ákærði var farinn. Í ljósi þess og þess langa tíma sem leið þangað til sýnið var tekið verður ekki talið að niðurstaða þess skýri frekar ástand brotaþola þegar atvik gerðust en það styðji framburð brotaþola um að hún hafi neytt kannabis umrætt sinn. Framburður ákærða hjá lögreglu um ástand brotaþola var í samræmi við lýsingar brotaþola og C. Má þannig af þeim framburði ákærða ráða að honum mátti vera ljóst ástand brotaþola. Ekki er fram komin nein trúverðug skýring á breyttum framburði ákærða um ástand hennar og er það mat dómsins að sá framburður hans sé ótrúverðugur og í andstöðu við framangreint og verður því ekki á honum byggt við úrlausn málsins. Með framangreindu telur dómurinn að nægilega hafi verið sýnt fram á að ástand brotaþola hafi verið þannig að hún hafi átt erfitt með að halda sér vakandi eftir að ákærði kom til hennar og hafi sofnað eins og hún lýsti í framburði sínum og að ákærða hafi mátt vera þetta ástand hennar ljóst.

Fyrir liggja, eins og áður hefur verið rakið, skilaboð sem fóru á milli brotaþola og ákærða áður en ákærði kom á heimili brotaþola auk skilaboða ákærða til brotaþola sem hann sendi skömmu eftir að atvikið átti sér stað og kvöldið eftir. Þar kemur m.a. fram að ákærði sagði brotaþola að móðir sín hefði hent sér út og því kæmist hann ekki heim til sín. Hún neitaði honum ítrekað um að fá að koma til hennar en samþykkti það

að lokum og sagði í framburði sínum fyrir dómi það hafa verið vegna þess að hann hefði ekki komist heim og hefði hún sett sig í hans spor. Í skýrslu sinni hjá lögreglu sagði ákærði að hann hefði að minnsta kosti ekki verið læstur úti því þá hefði hann bara hringt í móður sína. Fyrir dómi sagði ákærði þetta ekki hafa verið þannig að hann hefði ekki getað farið heim heldur hafi hann verið læstur úti og ekki með lykil. Skýrði hann þetta misræmi svo að þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu hefði hann líklega verið í sjokki eftir að hafa verið handtekinn. Hvorugur þessi framburður ákærða samrýmist þeim skilaboðum sem hann sendi brotþola og verður því að telja að framburður ákærða sé á reiki um þetta og í andstöðu við þau skilaboð sem hann sendi umrætt sinn og verði því að meta hann ótrúverðugan.

Þá liggur fyrir að ákærði reyndi ítrekað að hringja í brotþola og senda henni skilaboð eftir að honum hafði verið vísað út af heimili hennar. Sjálfur hefur ákærði sagt að ástæða þessa hafi verið sú að hann vildi skýringar á því hvers vegna honum var vísað út. Verður framburður hans helst skilinn svo að hann hafi talið hugsanlegt að hann hefði gert eitthvað á hlut brotþola sem hann áttaði sig ekki á. Ákærði sendi brotþola á ný skilaboð um kl. 21:08 um kvöldið þar sem hann baðst afsökunar. Sagðist hann í skýrslu sinni fyrir dómi hafa gert það í kjölfar þess að hafa um kl. 17:00 fengið skilaboð frá brotþola á Snapchat þar sem hún var í bifreið og sagði hann vera í vondum málum þar sem hann hefði nauðgað henni. Þessi skilaboð liggja ekki fyrir. Í skýrslu sinni hjá lögreglu sagði ákærði að brotþoli hefði sent honum skilaboðin um morguninn, en sú skýrsla var tekin um kl. 23:00 að kvöldi 22. júlí. Brotþoli hefur alfarið neitað því að hafa sent þau. Er þannig ekkert fram komið sem styður framburð ákærða um að brotþoli hafi sent slík skilaboð. Þá er til þess að líta að ákærði bar um að hafa fengið skilaboðin um kl. 17:00, eftir að hann vaknaði. Af málgögnum má ætla að brotþoli hafi um það leyti verið á leið á neyðarmóttöku en ákærði sendi skilaboðin um fjórum klukkustundum seinna. Gögn úr síma ákærða benda til þess að hann hafi ítrekað reynt að hringja í brotþola frá kl. 17:19 til 21:24 en hún ekki svarað. Þær tímasetningar eru í ákveðnu samræmi við þann framburð ákærða að hann hafi um fimmleytið fengið skilaboð sem ollu honum uppnámi. Þær eru hins vegar einnig í samræmi við það að ákærði kvaðst á þessum tíma hafa verið að vakna og að tilraunir hans til að ná til brotþola hefðu verið í beinu framhaldi af tilraunum hans til að ná sambandi við brotþola um morguninn. Þá er til þess að líta að þau skilaboð sem ákærði sendi þennan dag bera það ekki með sér að hann hafi verið að óska eftir skýringu á því af hverju brotþoli hefði sagt að hann hefði

nauðgað henni, heldur biður hann brotþola að fyrirgefa sér og segir að hann vilji ræða við hana. Verður ekki talið að það að brotþoli lét vísa ákærða út hafi getað gefið honum tilefni til að leita svona stíft eftir því að brotþoli ræddi við hann eða að biðjast fyrirgefningar án þess að hafa nokkra hugmynd um á hverju. Þá eru þau skilaboð sem ákærði sendi brotþola kl. 05:40:22 illskiljanleg á grundvelli þeirra skýringa sem ákærði hefur gefið. Er þannig bæði ósamræmi í framburði ákærða hvað þetta varðar auk þess sem hann samræmist ekki öðru sem fram er komið í málinu. Verður því að telja, í ljósi alls framangreinds, að framburður ákærða sé ótrúverðugur hvað þetta varðar.

Framburður brotþola hefur verið stöðugur og trúverðugur um þau atriði sem máli skipta. Þó liggur fyrir að brotþoli og vitnið C sammæltust um að bera rangt um það að C hefði verið sofandi þegar brotþoli kom til hennar, í því skyni að leyna neyslu C fyrir móður þeirra. Ekkert er fram komið sem bendir til þess að vitnin hafi sammælst um að bera rangt um önnur atriði. Þá lýstu þær því að erfið staða C væri ástæða þess að þær gerðu þetta og hefðu þær skýrt móður sinni fljótlega frá neyslu þeirra. Vitnin E hjúkrunarfræðingur og F lækni báru bæði um það í framburði sínum fyrir dómi að brotþoli hefði, þegar hún kom á neyðarmóttöku, verið með samviskubit gagnvart móður sinn vegna neyslunnar. Þá lýstu bæði brotþoli og C því hreinskilnislega fyrir dómi hvernig þær sammæltust um framangreindan framburð, hvers vegna og að þær hefðu leiðrétt hann. Þetta staðfesti móðir þeirra í sínum framburði. Þá má af framburði brotþola og vitnanna C og D ráða að þrátt fyrir framangreint hafi brotþoli strax eftir að atvik gerðust viljað leita sér aðstoðar á neyðarmóttöku. Í ljósi alls framangreinds verður framgreindur framburður brotþola og C ekki talin rýra trúverðuleika þeirra.

Við mat á trúverðuleika brotþola þarf einnig að líta til þess að í frásögn hennar á neyðarmóttöku kom fram að hana rámaði í að ákærði hefði haft munnmök við hana. Í framburði E og F kom það skýrt fram að þetta hefði verið óljós minning hjá henni þegar hún var á neyðarmóttöku. Þessu lýsti brotþoli hvorki í skýrslutökum hjá lögreglu né fyrir dómi. Í ljósi þessa verður heldur ekki litið svo á að það sé misræmi í framburði hennar sem hafi áhrif við mat á trúverðuleika framburðar hennar.

Framburður brotþola, C, H og D er samhljóða um það að líðan brotþola hafi versnað mjög eftir að atvikið átti sér stað. Neysla hennar hafi aukist mikið og hún leitað sér aðstoðar á geðdeild, m.a. vegna sjálfskaða, engin vottorð hafa þó verið lögð fram þessu til staðfestingar. Brotþoli rekur þessa versnandi líðan aðallega til þessa atviks. Bar hún engu að síður um að hún hefði einnig orðið fyrir öðrum kynferðisbrotum sem ekki

hefðu verið kærð til lögreglu og að hafa allt frá því í sjöunda bekk átt við þunglyndi og kvíða að stríða, m.a. vegna eineltis. Verður framburður H og C talinn styðja það að líðan brotþola hafi versnað verulega eftir atvikið.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, hvílir það á ákærvaldinu að færa sönnur á sekt ákærða. Það er dómara að meta hvort nægileg sönnun sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, sbr. 109. gr. laga nr. 88/2008. Tekur þetta m.a. til þess hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða og vitna hafi. Í þessu sambandi geta skýrslur vitna sem ekki hafa skynjað af eigin raun haft þýðingu, enda sé unnt að draga ályktanir um sakarefnið af slíkum framburði. Þá skal dómur, samkvæmt 1. mgr. 111. gr. sömu laga, reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi og verður þannig ekki byggt á framburði vitna og ákærða sem ekki staðfestir fyrir dómi.

Dómurinn metur framburð brotþola trúverðugan um þau atriði sem máli skipta og varða sakarefnið en til þess er einnig að líta að frásögn hennar af atvikum hefur frá upphafi verið stöðug. Samkvæmt því sem að framan hefur verið rakið er það mat dómsins að framburður ákærða sé ótrúverðugur og verður niðurstaða málsins því ekki á honum byggð. Auk þess að vera í andstöðu við trúverðugan framburð brotþola þá hafa skýringar ákærða á misræmi verið með öllu ótrúverðugar og er sérstaklega litið til þess að hann leitaðist við að draga úr lýsingum sínum á því hversu langt kynmök við brotþola gengu og á slæmri líðan brotþola vegna neyslu kannabis. Þá hafa ekki komið fram trúverðugar skýringar á þeim skilaboðum sem hann sendi brotþola um kl. 21:08 að kvöldi sunnudagsins enda ekkert fram komið sem staðfestir að brotþoli hafi áður sent honum skilaboð auk þess sem ákærði vísað ekki í efni þeirra. Í ljósi alls framangreinds verður niðurstaða dómsins byggð á trúverðugum og stöðugum framburði brotþola sem fær stuðning í framburði vitna. Má þar nefna stöðugan og trúverðugan framburð C um góða líðan brotþola áður en ákærði kom og líðan hennar þegar hún kom út úr herberginu frá ákærða, en hún lýsti því að brotþoli hefði verið í miklu áfalli og fengið martraðir þegar hún loks sofnaði. Þá fær framburður brotþola einnig stuðning í framburði D um símtal brotþola skömmu eftir að atvik gerðist þar sem fram kom að hún upplifði atvik strax þannig að á henni hefði verið brotið. Loks styðja framlögð gögn um símasamskipti ákærða og brotþola og samskipti þeirra á Messenger framburð brotþola um aðdraganda atvika. Mikið misræmi er hins vegar milli þessara gagna og framburðar ákærða, eins og

rakið hefur verið, auk þess sem dómurinn hefur metið skýringar hans að ýmsu leyti ótrúverðugar. Þá eru lýsingar brotaþola og C á ástandi brotaþola þegar ákærði kom í samræmi við lýsingar ákærða þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu, en þar lýsti hann slæmu ástandi hennar m.a. með því að lýsa henni svo að hún hafi verið freðin auk þess sem hann bar um að hún hefði sjálf sagt honum frá því að hún hefði verið að reykja. Loks liggur fyrir að áður en ákærði kom fékk hann skilaboð frá brotaþola um að hún væri að sofna. Samkvæmt þessu mátti ákærði gera sér grein fyrir því hvernig ástand brotaþola var og hafði hann enga ástæðu til að ætla að hún væri samþykkt því að hann hefði við hana samræði. Með vísan til framangreinds telur dómurinn að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi haft samræði við brotaþola, eins og greinir í ákæru, án hennar samþykkis, og notfært sér að ástand hennar var þannig að hún gat ekki spornað við verknaðnum sökum áhrifa kannabis og svefndrunga. Þykir því sannað að ákærði hafi framið það brot sem í ákæru greinir og er brot hans þar rétt heimfært til refsíákvæða.

IV

Ákærði er fæddur árið [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði ákærða, dagsettu 6. september 2019, hefur hann ekki verið dæmdur til refsingar. Við ákvörðun refsingar ákærða er litið til þess að brot hans er alvarlegt og það beindist gegn heilsu og velferð ungrar stúlku og hafði afleiðingar fyrir líðan hennar og velferð, sbr. 1. og 2. töluliður 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá misnotaði ákærði sér gróflega það traust sem brotaþoli bar til hans. Til refsimildunar er litið til ungs aldurs ákærða en hann var á 21. ári þegar brotið átti sér stað. Í ljósi alls framangreinds og dómafordæma þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár en ekki eru efni til að skilorðsbinda refsingu ákærða.

Í málinu gerir brotaþoli kröfu um miskabætur. Brot eins og það sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir er til þess fallið að hafa í för með sér miska fyrir þann sem fyrir því verður. Þá má af málsgögnum ráða að brotið hefur haft áhrif á líðan brotaþola en sérfræðivottorð hafa ekki verið lögð fram þessu til frekari staðfestingar. Í ljósi framangreinds þykir brotaþoli eiga rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin, með hliðsjón af atvikum og dómafordæmum, 1.500.000 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta eins og nánar greinir í dómsorði og telur dómurinn rétt að miða upphafstíma dráttarvaxta við þann tíma er mánuður var liðinn frá þingfestingu málsins.

Eftir úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður ákærði dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Söru Pálsdóttur lögmans, er telst alls hæfilega ákveðinn 1.200.000 krónur og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttir lögmans, 550.000 krónur. Við ákvörðun málsvarnarlauna lögmanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Ákærði greiði einnig 318.224 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti ákæruvaldsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Arnþrúður Þórarinsdóttir saksóknari.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, A, sæti fangelsi í tvö ár.

Ákærði greiði B, kennitala 000000-0000, 1.500.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 22. júlí 2018 til 3. nóvember 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Söru Pálsdóttur lögmans, 1.200.000 krónur, þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmans, 550.000 krónur, og 318.224 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir